

**Nd. 580. Breytingartillögur**

við frv. til l. um heimild fyrir hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps til álagningar vörugjalds.

Flm.: Jónas Guðmundsson.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Heimilt skal bæjarstjórnunum í kaupstöðum utan Reykjavíkur og hreppsnefndum í kaupþúnum, sem eru sérstök hreppsfélög, að leggja vörugjald á innfluttar og útfluttar vörur í kaupstaðnum og kaupþúnum, og rennur gjald þetta í bæjar- eða sveitarsjóð.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Allar vörur skulu flokkaðar til vörugjalds af atvinnumálaráðuneytinu, sem einnig setur gjaldskrá um, hve hátt vörugjaldið má vera í hverjum flokki.

Gjaldskrá sú, er ráðuneytið setur, gildir fyrir alla kaupstaði og kaupþún, er notfæra sér tekjustofn þennan. Þó er heimilt, þar sem sérstaklega stendur á, að dómi ráðherra, að lækka gjöldin í heild um allt að 50% frá því, sem gjaldskráin ákveður.

3. Á eftir 2. gr. koma 2 nýjar greinar, sem verða 3. og 4. gr., svo hljóðandi:

a. (3. gr.) Þegar bæjar- eða sveitarstjórn hefir ákveðið að leggja á vörugjald samkvæmt lögum þessum, skal tilkynna það atvinnumálaráðuneytinu, sem þá fyrirskipar innheimtu gjaldsins frá næstu mánaðamótum, eftir að tilkynningin barst því í hendur.

b. (4. gr.) Bæjarfógetar, sýslumenn og hreppstjórar annast innheimtu vörugjaldsins og gera reikningsskil mánaðarlega til bæjarstjóra eða oddvita, nema öðruvísi sé um samið þeirra í milli.

Í innheimtulaun skal greiða þeim 5 af hundraði.

4. Við 3. gr. Greinin verður 5. gr.

5. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um vörugjald.